

Reglugerð um veitingu Eldmóðs
Heiðursviðurkenning, Minningarskjöldur Mundu

1. gr.

Eldmóður er viðurkenning til heiðurs og minningar um Mundu, Mundínu Ásdísi Kristinsdóttur (1972-2022). Nefnd Eldmóðs skal veita þeim sem unnið hefur óeigingjarnt starf í þágu blakíþróttarinnar á Íslandi heiðursviðurkenningu samkvæmt því sem segir í eftirfarandi reglugerð.

2. gr. Tilgangur og hlutverk

Leitað er eftir einstaklingi með eiginleika sem einkenndu Mundu og sem hefur haft áhrif á blaksamfélagið í nærumhverfi sínu sem og almennt.

Dæmi um slíka eiginleika eru dugnaður, umhyggja, leiðtogahæfni, hjálpssemi, seigla, baráttuvilji, drifkraftur og útsjónarsemi.

3. gr. Nefnd

Nefnd Eldmóðs er mynduð af sex einstaklingum, þar af eru tveir tilnefndir af nánustu ættingjum Mundínu og fjórir tilnefndir af Blaksambandi Íslands.

4. gr. Grundvöllur tilnefningar

Við mat á tilnefningu, mun nefnd Eldmóðs leggja til grundvallar eyðublað sem mikilvægt er að fylla út af kostgæfni. Heiðursviðurkenningarhafi skal vera samþykktur af meirihlutar nefndar.

5. gr. Tilhögun viðurkenningar og tilnefningar

Heiðursviðurkenninguna skal veita árlega, á Bikarkeppni Blaksambands Íslands eða við hátíðleg tækifæri. Tilnefningar skulu berast nefndinni á þar til gerðum eyðublöðum, sem verða aðgengileg á heimasíðu Blaksambands Íslands og á Facebook síðu Eldmóðs. Nefndinni er þó heimilt að hafa frumkvæði að einstaka viðurkenningum.

Farið er með allar tilnefningar sem trúnaðarmál.

Skilafrestur tilnefningar er 10. febrúar ár hvert.

6. gr. Endurskoðun reglugerðar

Reglugerð öðlast þegar gildi en skal endurskoðuð árlega og samþykkt af BLÍ og fulltrúum nánustu ættingja Mundínu Ásdísar.